



Akureyrarbær



# Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2022



Fjársýslusvið


# Fjársýslusvið

Bæjarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2022 þann 6. desember 2021. Á árinu 2022 samþykkti bæjarstjórn 8 viðauka við fjárhagsáætlun ársins. Hrein áhrif viðaukanna voru 270 millj. kr. viðbótarrekstrarútgjöld.

Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar gekk í meginatriðum vel og var betri en gert hafði verið ráð fyrir. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 893 milljóna króna halla en niðurstaðan var neikvæð um 671 milljón króna. Vaxandi verðbólga og lífeyrisskuldbindingar settu mark sitt á uppgjörið. Sjóðstreymið var betra en árið áður.


Samstæða Akureyrarbæjar, þ.e. Aðalsjóður, Fasteignir Akureyrarbæjar, Eignasjóður gatna og Umhverfismiðstöð ásamt fyrirtækjum í eigu bæjarins, s.s. Félagslegum íbúðum, Strætisvögnum Akureyrar, Hlíðarfjalli, Hafnasamlagi Norðurlands og Norðurorku, var rekin með 671 millj. kr. halla. Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar gekk því ívið betur en áhorfðist því í fjárhagsáætlun hafði verið gert ráð fyrir 893 millj. kr. neikvæðri niðurstöðu. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagnsliði og tekjuskatt var jákvæð um 2.149 millj. kr. en áætlun hafði gert ráð fyrir 956 millj. kr. rekstrarafgangi. Meginskýringar á bættri afkomu eru hærri skatttekjur af útsvari og Jöfnunarsjóði ásamt auknum þjónustutekjum. Aukin verðbólga á liðnu ári setti hins vegar mikinn svip á rekstrargjöldin og voru fjármagnsgjöld og verðbætur 2.881 millj. kr. eða 1.077 millj. kr. umfram áætlun. Lífeyrisskuldbindingar urðu einnig hærri en gert var ráð fyrir og námu alls 1.164 millj. kr. eða 364 millj. kr. umfram áætlun.

MYND 1 – REKSTRARNIÐURSTAÐA A- OG B- HLUTA (Í ÞÚS. KR.)




Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 4.595 millj. kr. sem var 1.710 millj. kr. hærra en áætlað var. Sambærileg fjárhæð árið áður var 3.906 millj. kr. Handbært fé frá rekstri nam 4.251 millj. kr. Fjárfestingahreyfingar námu samtals nettó 2.726 millj. kr. en fjármögnunarhreyfingar námu samtals nettó -1.255 millj. kr. Afborgun langtímalána nam 1.358 millj. kr. Engin ný langtímalán voru tekin. Hækkun á handbæru fé á árinu nam 270 millj. kr. og var handbært fé samstæðunnar í árslok 3.485 millj. kr. Veltufé frá rekstri árið 2022 í hlutfalli við tekjur nam 15,08% í samstæðunni og 10,49% í A-hluta. Árið áður voru hlutföllin 13,74% í samstæðunni og 9,43% í A-hluta.


MYND 2 – AFBORGANIR LANGTÍMASKULDA, NÝ LANGTÍMALÁN OG VELTUFÉ FRÁ REKSTRI (Þ.KR.)




MYND 3 – VELTUFÉ AF REKSTRI SEM HLUTFALL AF TEKJUM




MYND 4 – FJÁRFESTINGAR EFTIR FYRIRTÆKJUM 2022



MYND 5 – STÆRSTU VERKEFNI FASTEIGNA AKUREYRAR Á ÁRINU 2022 (Þ.KR.)




MYND 6 – ÞRÓUN LAUNA Í A-HLUTA SAMANBORIÐ VIÐ SKATTTEKJUR



Heildarlaunagreiðslur með launatengdum gjöldum en án hækkunar lífeyrisskuldbindinga hjá samstæðunni voru 16.116. millj. kr. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.445 sem er fækkun um 50 stöðugildi frá árinu áður. Laun og launatengd gjöld ásamt lífeyrisskuldbindingum samstæðunnar í hlutfalli við rekstrartekjur hennar voru 56,7%. Annar rekstrarkostnaður var 29,2% af rekstrartekjum. Skatttekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga voru 1.011 þús. kr. á hvern íbúa en tekjur voru samtals 1.533 þús. kr. á hvern íbúa. Árið 2021 voru skatttekjurnar 921 þús. kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 1.448 þús. kr. á hvern íbúa.



MYND 7 – LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD Í A-HLUTA





Niðurstaða rekstrar A-hluta var neikvæð um 826 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 1.296 millj. kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir sveitarfélagsins í árslok 2022 bókfærðar á 66.507 millj. kr. en þar af voru veltufjármunir 7.167 millj. kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum námu samkvæmt efnahagsreikningi 38.217 millj. kr. en þar af voru skammtímaskuldir 5.623 millj. kr.

Fjárhagur Akureyrarbæjar er traustur og nam skuldaviðmið samstæðunnar í árslok 84% samkvæmt reglum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga en það var 86% árið áður. Skuldaviðmið í A-hluta var 58% í árslok en var 61% árið áður.

Veltufjárhlutfallið var 1,27 í árslok 2022 en var 1,34 árið áður. Bókfært eigið fé nam 28.290 millj.

kr. í árslok en var 26.637 millj. kr. í árslok árið áður. Eiginfjárhlutfall var 43% af heildarfjármagni en 42% árið áður.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðunni: [www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar/](http://www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar/) Einnig er þar að finna frekari myndræna framsetningu undir sömu vefslóð.

Á árinu gaf Akureyrarbær (án Norðurorku) út 131.573 reikninga sem er ríflega 2.300 fleiri reikningar en árið áður. Innheimta gekk vel og eru Akureyringar skilvísir nú sem endranær. 97,2% allra reikninga voru greidd á eindaga eða á næstu 30 dögum þar á eftir og 98% allra reikninga voru greidd eigi síðar en 120 dögum eftir eindaga. Greiðsluhlutfallið hækkaði lítilega á milli ára. 2.246 reikningar voru sendir í milliinnheimtu árið 2022 sem er nokkru minni fjöldi en árið áður ( 2.630).





## Akureyrarbær

Þetta skjal er hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar 2022, aðra hluta má sjá á vef Akureyrarbæjar [akureyri.is](http://akureyri.is) undir Stjórnkerfi > Útgefið efni > Ársskýrslur

Útgefandi: Akureyrarbær 2023

Ritstjórn: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirllestur og prófarkir: Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Ljósmyndir: María Helena Tryggvadóttir

Mynd af bæjarstjóra: Daníel Starrason

Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa, blekhonnun.is